



Barnaskólinn á
Eyrarbakka og Stokkseyri

Valgreinalýsingar fyrir unglingastig Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri vor 2020

8. – 10. bekkur

Um valgreinarnar

Í ár er boðið upp á fjölbreytt val eins og fyrri ár. Valið er fyrirnemendur 8., 9. og 10. bekkja. Nemendur eiga að velja sér fjóra áfanga, fyrst þann áfanga sem þeir vilja helst stunda og svo koll af kolli. Ekki er víst að þátttaka verði næg í einstaka valgreinar, þær greinar sem ekki ná nægri þátttöku verða þ.a.l. ekki kenndar.

Aðstoð við heimanám

- Heimanámsaðstoð 2 x 80 mínútur á viku. Hægt er að velja 1x80 eða 2x80 mínútur.

Bókaklúbbur

Markmið:

- Að nemendur velji sér bók, lesi, fjalli um og ræði með kennara.
- Að nemendur læri að njóta lestur góðra og áhugaverðra bóka.

Námsmat:

- Virkni

Fatasaumur

Markmið:

- Geta nýtt sér þá þekkingu sem nemendur hafa þegar öðlast til að vinna með eigin hugmyndir og útfærslur á þeim.
- Geta notað handbækur og önnur gögn sem tilheyra textílmennt.
- Nemendur tileinki sér vandvirkni og góða umgengni.
- Geti nýtt sé orðaforða textílgreinarinnar.
- Geti beitt réttu verklagi, áhöldum og tækjum greinarinnar.

Kennslufyrirkomulag: Nemendur í 8. bekk sauma fyrst eina ákveðna flík t.d. barnabuxur eða hettupeysu, með mismunandi útfærslum sem byrjunarverkefni fyrir áframhald í fatasaum. Nemendur í 9. og 10. bekk notast við sníðablöð, bækur og önnur kennslugögn til útfærslu eigin hugmynda í samráði við kennara.

Námsmat: Símat, byggt á vinnu nemenda í kennslustundum. Þar koma margir þættir til eins og frumkvæði, framfarir, útfærsla hugmynda, vandvirkni, fylgja leiðbeiningum, sjálfstæð vinnubrögð, mætingar og hegðun.

Hljómsveitarval

Markmið:

- Nemendur læri undirstöðuatriði rafræns samspils og hvernig hægt er að setja saman hljómsveit
- Að nemendur geti leikið saman á hljóðfæri sér til skemmtunar
- Að nemendur geti leikið tónlist í og með leikrænum uppsetningum

Kennsla:

Nemendur æfa saman einu sinni í viku en þurfa að sinna heimanámi í formi æfinga.

Námsmat:

Nemendur standast áfangan með umsögn frá kennara út frá áhuga og virkni.

Hönnun og smíði

Markmið: Að nemendur öðlist dýpri skilning á hönnun og vinni hluti sem þeir hafa hannað frá grunni.

Lýsing: Nemendur skoða hönnun í allskyns formi, ræðum tilgang hluta, fagurfræði og efnivið. Nemendur hanna einhvern hlut í samráði við kennara og hrinda hugmynd í framkvæmd. Hentar jafnvel fyrir bæði stráka og stelpur.

Námsmat: Hver nemandi gerir verkefnamöppu, námsmat er byggt á henni ásamt mati (eigin, kennara- og jafningjamati) á frammistöðu. Kennari leggur áherslu á umgengni á vinnustofu, hugmyndir, uppbyggilega samræðu og verklag.

Kóraval

Markmið:

- Að nemendur nái tökum á grunntækni í söng.
- Að nemendur kynnist fjölbreyttri tegund kórtónlistar.
- Að nemendur nái tökum á því að syngja tveggja og þriggjaradda lög.
- Að nemendur þjálfist í því að koma fram og syngja í hóp.

Kennsla: Kennt er einu sinni í viku. Æfð verða fjölbreytt kórlög, einradda og fjölradda.

Námsmat: Nemendur standast áfangann með umsögn frá kennara út frá áhuga og virkni í tímum. Nemendur eru einnig metnir út frá frammistöðu á tónleikum.

Kvikmyndasaga

Markmið:

- Að nemendur kynnist fjölbreyttri kvikmyndasögu
- Að nemendur læri að meta kvikmyndir út frá gæðum og fagurfræði
- Að nemendur kynninst kvikmyndum sem höfðu áhrif í mannskynssögunni

Námsmat:

- Verkefni

Kynjafræði

Markmið:

- Að nemendur læri grunnhugmyndafræði í kynjafræði
- Að nemendur skilji jafnréttisumræðu og geti beitt orðræðu um jafnrétti
- Að nemendur læri að skoða kynbundnar væntingar í samfélaginu

Námsmat:

- Verkefni og virkni

Leiklist – Leikhópurinn LOPI

- Ath! Leikhópurinn starfar að mestu utan skólatíma

Markmið:

- Að nemendur þroskist í félagsfærni í gegnum leiklist
- Að nemendur öðlist sjálfstraust og þjálfist í tjáningu
- Að nemendur upplifi og skilji gleðina sem fólgin er í að vinna að og setja upp leikverk

Kennsla: Nemendur hittast í nokkur skipti á haustönn þar sem unnið verður að undirbúningi. Í aðdragandi leiksýningar hefjast markvissar æfingar. Æfingar verða að mestu utan skólatíma.

Kennslugögn: Handrit frá leikstjóra ofl.

Námsmat: Umsögn frá leikstjóra þar sem tillit er tekið til þátt eins og vinna, ástundun, virkni, vinnugleði og fleira.

Franska

Markmið:

- Að nemendi læri undirstöðu í frönsku sem nýtist nemndum sem munu læra frönsku í framhaldsskóla. Að nemendur kynnist franskri menningu og listum, hefðum matarvenjum o.fl.

Kennsla:

Valáfangi 80 mínútur á viku. Vinna á netinu, myndbönd o.fl.

Námsmat:

Vinna og virkni í tímum

Matreiðslu- og bakstursval

Markmið:

Að nemendur

- auki áhuga á matargerð.
- auki færni sína og kunnáttu um íslenska og erlenda matargerð og bakstur.
- auki skilning sinn á hvernig lífsvenjur hafa áhrif á heilsu og umhverfi.
- upplifi gleði og kostina við að búa til eigin mat.

Kennsla:

Unnið verður með matargerð og bakstur, bæði íslenskar og erlendar uppskriftir. Lögð verður áhersla á menningu, siði, árstíðaskipti, sjálfbærni, heilsu og fleira.

Námsgögn:

Ýmis gögn frá kennara ásamt efni af veraldarvef.

Námsmat:

Eftirfarandi þættir námsins verða metnir til einkunnar:

Áhugi – frumkvæði – fylgir leiðbeiningum – framkvæmd – umgengni – hegðun.

Myndlist og listasaga

- Lögð verður áhersla á að nemendur vinni meira krefjandi verkefni þar sem þau nýta þekkingu sína og kynnist fjölbreyttum efnum og áhöldum sem notuð eru við myndgerð

- Nemendur kynnast og fræðast um helstu strauma og stefnur innan listasögunnar, og fræðist jafnframt um listamenn tengda þessum stefnum bæði innlendum og erlendum
- Lögð er áhersla á að nemendur beri ábyrgð á eigin vinnu og temji sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð eins og að halda verkefnum sínum til haga og fara vel með þau efni sem notuð eru hverju sinni
- Læri að temja sér vinnferli frá hugmyndavinna, skissugerð til verklegrar útfærslu.

Kennsla: Unnin verða fjölbreytt verkefni þar sem grunnatriði myndlistar svo sem myndbyggingu, fjarvidd, litafræði, ljós og skugga. Unnið verður m.a. með teikningu og munum við kynnast hinum ýmsu áhöldum sem hægt er að nota við teikningu s.s. kol, blý og blek og fleira, einnig munum við vinna með vatnsliti, tréliti, olíukrít, þurrkrít og akrýlliti.

Kynntar verða fyrir nemendum helst stefnur innan listasögunnar og helstu listamenn tengdum þeim, jafnt erlenda sem innlenda. Allt frá hellamálverkum fram á okkar tíma. Nemendur munu vinna verkefni tengdum þessum helstu listastefnum.

Námsmat: Gefin er einkunn þar sem virkni í tíma er metin 40 % og verkefni 60 %

Nemendur verða kynntir fyrir innlendum og erlendum Grafíklíamönnum sem og þeim sem vinna með blandaða tækni og pappmassa.

Námsmat:

Gefin er einkunn þar sem virkni í tíma er metin 40 % og verkefni 60 %

Nýsköpun og viðskipti

Markmið:

- Að nemendur læri að gera hugmynd að veruleika
- Að nemendur læri að stofna fyrirtæki
- Að nemendur kynnist nýsköpunariðnaðinum

Námsmat:

- Verkefni

Skólahreysti

Markmið:

- Undirbúningur nemenda fyrir Skólahreystikeppnina í mars 2019
- Alhliða líkamsrækt

Kennsla: Kennsla verður verkleg og fer fram í íþróttahúsinu. Æft verður einu sinni í viku fram yfir áramót, þá verður æft tvisvar í viku fram að keppni.

Námsgögn: Íþróttaföt eða þægileg föt

Námsmat: Áhugi og virkni í tímum.

Námsmat: Ekkert lokapróf verður en metin er þátttaka í tíma, kannanir og verkefni annarinnar.

Slökun og jóga

Markmið:

- Að nemendur læri meðvitaða og markvissa slökun
- Að nemendur nái grunnfærni í núvitund
- Að nemendur fá kynningu á undirstöðuatriðum jóga

Námsmat:

- Verkefni og virkni

Snyrtifræði og heilbrigði

Markmið:

- Að nemendur fræðist um almennt heilbrigði
- Að nemendur læri förðun og almenna umhirðu
- Að nemendur læri um lífstílstengd vandamál
- Að nemendur öðlist sjálfstyrkingu
- Almenn húðumhirða og naglasnyrting

Kennsla:

Fer fram í formi fyrirlestra, umræðutíma, verkefnavinnu, lestrar á fagefni frá kennara og verklegum tímum.

Námsmat:

Áhugi, virkni og vinnusemi verða til námsmats ásamt einkunnum fyrir einstök verkefni.

Ökukennsla – einungis fyrir 10. bekk

Markmið:

- Bóklegur undirbúningur fyrir ökunám

Kennsla:

- 80 mínútur á viku

Námsmat:

- Stöðupróf og verkefni. T.a.m. eiga nemendur að setja upp fjárhagsætlun vegna kaupa á bíl og reksturs hans.

Valblað 2019-2020

Nafn og bekkur: _____

Valáfangar í BES (8. – 10. bekkur)

Veldu þá áfanga sem þig langar mest í með tölustöfum, settu tölur (frá 1-4) fyrir framan þá áfanga sem þú ert mest hrifin(n) af. Talan 1 þýðir þitt fyrsta val og svo framvegis.

____ Matreiðsluval

____ Myndlist og listasaga

____ Fatasaumur

____ Hönnun og smíði

____ Slökun og jóga

____ Ökukennsla

____ Snyrtifræði

____ Kynjafræði

____ Nýsköpun og viðskipti

____ Aðstoð við heimanám

____ Kvikmyndasaga

____ Bókaklúbbur

____ Kóraval

____ Hljómsveitarval

____ Skólahreysti

____ Leiklist

____ Frönskuval

